

5. júní 2026

**Fundargerð undirhóps sveitarfélaganna (BHM hluti)
vegna áfangasamkomulags 7. gr. nefndar frá 11. júní 2024**

Fundur undirhóps sveitarfélaganna var haldinn 5. júní 2026 og hófst klukkan 15:00.

Fundinn sátu: Kolbrún Halldórsdóttir, f.h. BHM, Laufey E. Gissurardóttir, f.h. Þroskapjálfafélags Íslands, Þóra Leósdóttir, f.h. Iðjubjálfafélags Íslands, Inga Rún Ólafsdóttir, f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga og Raket Guðmundsdóttir, f.h. Reykjavíkurborgar.

1. Útfærsla launabreytinga á grundvelli áfangasamkomulagsins:

Undirhópurinn er sammála um að útfærsla áfangasamkomulagsins vegna starfahópa BHM verði með eftirfarandi hætti;

Undirhópurinn er sammála um að eftirfarandi tillaga að breytingum á launaröðun starfa sem krefjast starfsleyfis samkvæmt lögum sem aflað er eftir 4 ára háskólanám, þ.a. að lágmarki 1 ár á framhaldsstigi háskólanáms, verði send sveitarfélögum til framkvæmda. Breytingar á röðun viðkomandi starfa skulu gilda frá 1. apríl 2025, þannig að launabreytingar verði frá og með apríllaunum 2025, í samræmi við gildistíma áfanga-samkomulagsins.

Sérfræðistörf sem gera kröfu um 4 ára háskólamenntun fá almennt röðun á 6 þrepi í þekkingu í starfsmatskerfinu SAMSTARF. Það felur í sér kröfur um fræðilega þekkingu sem byggir á kenningalegum grunni auk hagnýtrar þekkingar á sérfræðisviðinu eða ámóta þekkingar á skipulagi, verklagi, stefnu og stjórnsýsluháttum stofnunar. Miðað er við annars vegar BA/BS próf eða hins vegar 120 ECTS einingar í grunnnámi að lágmarki ásamt mikillar starfs- eða stjórnunarreynslu á viðkomandi fagsviði til röðunar á 6 þrepi samkvæmt núverandi þátta- og þrepaskilgreiningum kerfisins. Til að fara á 7. þrep er gert ráð fyrir annars vegar MA/MS prófi eða hins vegar BA prófi auk mikillar starfs- og stjórnunarreynslu á viðkomandi sérfræðistigi. Ekki er gerð slík krafa í öll sérfræðistörf sem krefjast starfsleyfis sem aflað er eftir 4 ára háskólapróf.

Þar sem kröfur til umræddra starfa virðast falla mitt á milli þrepanna í þekkingarþætti starfsmats eru aðilar sammála um að frá 1. apríl 2025 skuli greiða 2 viðbótarlaunaflokka við röðun starfanna í starfsmati, sjá meðfylgjandi lista yfir starfsheiti, og fram til þess tíma að starfsmatskerfið metur 4 ára háskólamenntun sem gefur starfsleyfi til stiga í þekkingarþætti kerfisins eða þar til aðilar koma sér saman um annað í kjaraviðræðum.

Aðilar eru jafnframt sammála um að leggja áherslu á að við fyrirhugaða heildarendurskoðun starfsmatskerfisins verði gerðar breytingar á þekkingarþættinum sem endurspeglar þessa auknu þekkingarkröfu til viðkomandi starfa.

Þá eru aðilar jafnframt sammála um það að við framkvæmd breytinga á launaröðun samkvæmt tillögunni verði launaröðun starfsmanna í þeim starfsheitum sem um ræðir yfirfarin og leiðrétt ef við á, það er ef núverandi launaröðun einstakra starfsmanna er hærri en sem leiðir af starfsmati og einstaklingsbundnum launamyndunarþáttum samkvæmt viðkomandi kjarasamningi. Það sama gildir um sólarlagsgreiðslur sem falla þá út á móti hækkun eins og við getur átt.

Tillagan er samþykkt einróma.

Telst undirhópurinn þar með hafa lokið störfum sínum á grundvelli áfangasamkomulags frá 11. júní 2024, og telst áfangasamkomulagið að fullu uppfyllt að því er varðar sveitarfélögin og starfahópa BHM.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:30

Fylgiskjal 1: Starfsheitalisti Reykjavíkurborgar

ÍTR.2949.yfirproskapjálfi í málefnum fatlaðra

SFS.2676.iðjupjálfi

SFS.2949.þroskapjálfi í grunnskóla

SFS.2949.þroskapjálfi í leikskóla

SFS.2949.þroskapjálfi í sérdeild fyrir einhverfa

SFS.2949.yfirproskapjálfi í leikskóla

SFS.2949.yfirproskapjálfi í sérskóla

VEL.2676.iðjupjálfi málefni fatlaðs fólks

VEL.2676.yfiriðjupjálfi í heimaþjónustu

VEL.2949.deildarstjóri í þjónustu við fatlað fólk

VEL.2949.ráðgjafi heim

VEL.2949.teymisstjóri sértækrar búsetu

VEL.2949.verkefnastjóri barna og fjölskyldumála

VEL.2949.þroskapjálfi/málefni fatlaðra

Fylgiskjal 2: Starfsheitalisti Sambands Íslenskra sveitarfélaga

- 2226,01 BHM-49 Iðjupjálfi í sérdeild
- 2226,01 BHM-50 Iðjupjálfi í málefnum fatlaðra
- 2226,01 BHM-51 Ráðgjafariðjupjálfi 1
- 2226,01 BHM-52 Ráðgjafariðjupjálfi 2
- 2226,01 BHM-103 Iðjupjálfi í leikskóla
- 2226,01 BHM- 104 Iðjupjálfi í grunnskóla
- 2342,01 BHM-82 Deildarstjóri sérdeildar
- 2342,04 BHM-89 Þroskaþjálfi / Iðjupjálfi í málefnum fatlaðra á öryggisheimili
- 2342,04 BHM-53 Þroskaþjálfi í málefnum fatlaðra
- 2342,07 BHM-97 Þroskaþjálfi í grunnskóla
- 2342,08 BHM-98 Þroskaþjálfi í sérdeild
- 2342,08 BHM-99 Þroskaþjálfi í sérdeild – sérúrræði
- 2342,09 BHM-54 Þroskaþjálfi í leikskóla
- 2342,10 BHM-56 Yfirþroskaþjálfi í leikskóla
- 2342,99 BHM-55 Forstöðuproskaþjálfi í frístund/lengdri viðveru
- 2446,03 BHM-75 Þroskaþjálfi velferð
- 2446,99 BHM-61 Yfirþroskaþjálfi í málefnum fatlaðra